Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 4. mars 2026

Ólafur Rúnar Ólafsson lögmaður.

20260309003A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Innköllun vegna sammings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 6. mars 2026 var samþykkt umsókn

Karmenar Pálinu Maríudóttur

kennitala: 190177-2629

heimilisfang: Súlutjörn 7, Reykjanesbæ

um heimild til að leita greiðsluaðlögunar með samningi við kröfuhafa. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni þann 6. mars 2026. Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan þriggja vikna frá því að innköllunin birtist fyrra sinni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (lge.). Vakin skal athygli á því að í 3. mgr. 10. gr. lge., eru gerðar efniskröfur til kröfulýsinga. Þeir kröfuhafar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 5. mgr. 10. gr. lge. Ef kröfuhafi lýsir ekki kröfu, er kröfuhafa ekki heimilt að hafa afskipti af greiðsluaðlögunarumleitunum og er bundinn af niðurstöðu þeirra. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi. Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.

Kópavogi, 6. mars 2026

Hulda Pétursdóttir

20260309012A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Innköllun þrotabús - First Shift verktakar ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. febrúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:

First Shift verktakar ehf.,
kt. 411121-0890,
Ársölum 5, Kópavogi

Frestdagur:

22. desember 2025

Skiptafundur:

miðvikudagur
27. maí 2026
kl. 12:15

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra með rafrænum hætti á netfangið elimar@ehlegal.is

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúli 7, 5. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 8. mars 2026
Elimar Hauksson lögmaður
20260309014A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Varðstjórar á löggæslusviði – Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum eru lausar til umsóknar fjórar stöður varðstjóra á löggæslusviði. Gert er ráð fyrir að lögreglustjóri setji í stöðurnar frá og með 1. maí 2026 með skipun í huga að sex mánaða reynslutíma loknum.

Hjá embættinu starfa um 200 manns í ólíkum og krefjandi störfum. Í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum er Keflavíkurflugvöllur sem gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu almannaflegs á Íslandi og tengir landið við Evrópu og Norður-Ameríku. Í fjölmennu liði lögreglunnar á Suðurnesjum býr mikill þróttur og góð þekking þar sem áhersla er lögð á jafnrétti, starfsánægju, heilbrigðan starfsanda og góð samskipti. Við ráðningar hjá LSS er tekið mið af jafnréttisáætlun embættisins.

Helstu verkefni og ábyrgð.

Almennar upplýsingar um verksvið og ábyrgð varðstjóra má finna í 10. gr. reglugerðar nr. 1051/2006, um starfsstig innan lögreglunnar.

Verksvið og ábyrgð varðstjóra er í meginatriðum eftirfarandi:

- Löggæslustörf og rannsóknir mála.
- Vaktstjórn samkvæmt varðskrá og stjórn einstakra verkefna eða hóps lögreglumanna við almenn löggæslustörf.
- Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé fylgt.

Hæfniskröfur.

Umsækjendur þurfa að uppfylla almenn skilyrði til að gegna lögreglustarfi skv. 28. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

- Próf frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómanám í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k 120 stöðluðum námseiningum þ.m.t starfsnám á vegum lögreglunnar
- Hafa starfað sem lögreglumaður í a.m.k. tvö ár frá því að tilskyldu námi lauk
- Hafa lokið vettvangsstjóranámi og þekkja útgefnar verklagsreglur og leiðbeiningar
- Góð þekking á lögreglakerfinu LÖKE

Mikilvægir eiginleikar:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, sveigjanleiki og álagspól

- Skipulagshæfileikar og nákvæmni í vinnubrögðum
- Lausnamiðað og jákvætt viðhorf
- Frumkvæði og drifkraftur

Umsækjendur hafi gott vald á íslensku og ensku sem og góða almenna tölvukunnáttu.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Landssamband lögreglumanna hafa gert.

Starfið er vaktavinna.

Athygli umsækjenda er vakin á heimild til að skoða sakaferil umsækjenda um starf í lögreglu en samkvæmt 28. gr. a lögreglulaga nr. 90/1996 er mælt fyrir um að engan megi skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á vef Starfatorgs og láta ferilskrá og kynningarbréf fylgja með sem viðhengi.

Einungis er tekið við umsóknum með þessum hætti. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Varðandi persónuverndarákvæði gagnvart umsækjendum, sjá vef lögreglunnar: [Suðurnes | Lögreglan](#)

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 24. mars 2026.

Kristín Þórdís Þorgilsdóttir - ktt01@logreglan.is - 4442200

Reykjanesbær, 5. mars 2026
f.h. Kristín Þórdís Þorgilsdóttir
Lögreglustjórn á Suðurnesjum
20260309010A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Fyrsta fyrirtaka

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi, 16. apríl 2026 kl. 10:00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Andrésbrunnur 5, Reykjavík

Fastanr.: 2262726

Gerðarþoli (-ar): Þorgrímur Haraldsson

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Fjárhæðir krafna í kr.: 903.413

Heiti eignar: Bildshöfði 14, Reykjavík

Fastanr.: 2043183

Gerðarþoli (-ar): Vitringurinn ehf

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): TM tryggingar hf

Fjárhæðir krafna í kr.: 145.777

Heiti eignar: Brautarholt 4A, Reykjavík
Fastanr.: 2519169
Gerðarþoli (-ar): La Dolce Vita ehf
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): TM tryggingar hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 182.975

Heiti eignar: Brautarholt 4A, Reykjavík
Fastanr.: 2519168
Gerðarþoli (-ar): La Dolce Vita ehf
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): TM tryggingar hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 177.735

Heiti eignar: Brautarholt 4A, Reykjavík
Fastanr.: 2010527
Gerðarþoli (-ar): La Dolce Vita ehf
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): TM tryggingar hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 175.499

Heiti eignar: Brautarholt 4A, Reykjavík
Fastanr.: 2010525
Gerðarþoli (-ar): La Dolce Vita ehf
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): TM tryggingar hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 175.082

Heiti eignar: Brautarholt 4A, Reykjavík
Fastanr.: 2533447
Gerðarþoli (-ar): La Dolce Vita ehf
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): TM tryggingar hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 164.811

Heiti eignar: Bræðraborgarstígur 3, Reykjavík
Fastanr.: 2001366
Gerðarþoli (-ar): Vesturbakki 9 ehf
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Birta lífeyrissjóður og Veðskuldabréfasjóður Virðing hs
Fjárhæðir krafna í kr.: 265.375.848

Heiti eignar: Bugðufliót 17C, Mosfellsbær
Fastanr.: 2514686
Gerðarþoli (-ar): Vitringurinn ehf
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): TM tryggingar hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 206.205

Heiti eignar: 50 % ehl. Dalsmúli 3, Reykjavík
Fastanr.: 2529904
Gerðarþoli (-ar): Hörður Vilberg Lárusson
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Fjárhæðir krafna í kr.: 588.377

Heiti eignar: 50 % ehl. Gnoðarvogur 68, Reykjavík
Fastanr.: 2023116
Gerðarþoli (-ar): Lárus Kristján Johnsen og Hrólfur Sigurðsson
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Hrólfur Sigurðsson
Fjárhæðir krafna í kr.: 0

- Heiti eignar: Háaleitisbraut 119, Reykjavík
Fastanr.: 2015396
Gerðarþoli (-ar): Frosti Örn Gnarr og Erla Hlín Sigríðardóttir
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): TM tryggingar hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 220.961
- Heiti eignar: 69 % ehl. Hraunbær 146, Reykjavík
Fastanr.: 2045161
Gerðarþoli (-ar): Berta Gunnlaugsdóttir
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Skatturinn
Fjárhæðir krafna í kr.: 2.255.259
- Heiti eignar: Hvammabraut 12, Hafnarfirði
Fastanr.: 2076335
Gerðarþoli (-ar): Thelma Kristín Þrastardóttir
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sjóvá-Almennar tryggingar hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 221.621
- Heiti eignar: 50 % ehl. Katrínarlind 1, Reykjavík
Fastanr.: 2265716
Gerðarþoli (-ar): Guðmundur Hrafn Arngrímsson
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Fjárhæðir krafna í kr.: 24.747.282
- Heiti eignar: Kleifarás 6, Reykjavík
Fastanr.: 2046112
Gerðarþoli (-ar): Agnar Bergmann Birgisson
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf og Arion banki hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 53.898.821
- Heiti eignar: 50 % ehl. Klukkuholt 7, Garðabæ
Fastanr.: 2290922
Gerðarþoli (-ar): Petras Visockas
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Fjárhæðir krafna í kr.: 1.827.568
- Heiti eignar: Lambastaðabraut 8, Seltjarnarnesbæ
Fastanr.: 2067474
Gerðarþoli (-ar): Neva ehf
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Skatturinn
Fjárhæðir krafna í kr.: 2.685.737
- Heiti eignar: Langafit 18, Garðabæ
Fastanr.: 2071128
Gerðarþoli (-ar): Elmar Örn Guðmundsson
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): IMIROX Capital ehf
Fjárhæðir krafna í kr.: 77.234.068
- Heiti eignar: Markholt 17, Mosfellsbæ
Fastanr.: 2083887
Gerðarþoli (-ar): Hilmar Bergmann
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Fjárhæðir krafna í kr.: 7.963.806

Heiti eignar: Mávahlíð 1, Reykjavík

Fastanr.: 2030100

Gerðarþoli (-ar): Þuríður Anna Jónsdóttir

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Fjárhæðir krafna í kr.: 222.711

Heiti eignar: Meðalfellsvegur 1, Kjósarhrepp

Fastanr.: 2086281

Gerðarþoli (-ar): Gallerí Byssur ehf

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sjóvá-Almennar tryggingar hf

Fjárhæðir krafna í kr.: 172.838

Heiti eignar: Nesvegur 100, Seltjarnarnesbæ

Fastanr.: 2234722

Gerðarþoli (-ar): Diversus ehf

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Skatturinn

Fjárhæðir krafna í kr.: 650.646

Heiti eignar: Norðurnes 72, Kjósarhrepp

Fastanr.: 2502866

Gerðarþoli (-ar): Ólafur Hafsteinsson

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Kjósarhreppur

Fjárhæðir krafna í kr.: 124.277

Heiti eignar: Rofabær 31, Reykjavík

Fastanr.: 2045005

Gerðarþoli (-ar): Ísak Jónsson

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Fjárhæðir krafna í kr.: 4.580.952

Heiti eignar: Sólheimar 8, Reykjavík

Fastanr.: 2021413

Gerðarþoli (-ar): Guðmundur Þórðarson og Kristín Magna Guðmundsdóttir

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Landsbankinn hf og Landsbankinn hf

Fjárhæðir krafna í kr.: 9.656.577

Heiti eignar: Straumhella 6A, Hafnarfirði

Fastanr.: 2330615

Gerðarþoli (-ar): Víkurbílar ehf

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sjóvá-Almennar tryggingar hf

Fjárhæðir krafna í kr.: 248.528

Heiti eignar: Tjarnarflöt 11, Garðabæ

Fastanr.: 2072489

Gerðarþoli (-ar): IKF ehf

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): SÍL hs

Fjárhæðir krafna í kr.: 550.131.790

Heiti eignar: Urriðaholtsstræti 22B, Garðabæ

Fastanr.: 2501632

Gerðarþoli (-ar): Sturla Egilsson og Hildur Erlingsdóttir

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Urriðaholtsstræti 22, húsfélag

Fjárhæðir krafna í kr.: 810.827

Heiti eignar: Veghús 11, Reykjavík
Fastanr.: 2040978
Gerðarþoli (-ar): Ingólfur Ingólfsson
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Fjárhæðir krafna í kr.: 6.778.075

Heiti eignar: Þorrasalir 27, Kópavogi
Fastanr.: 2348190
Gerðarþoli (-ar): Sigríður Anna Harðardóttir
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Skatturinn
Fjárhæðir krafna í kr.: 705.428

Heiti eignar: Þverholt 18A, Reykjavík
Fastanr.: 2011215
Gerðarþoli (-ar): Gufufoss ehf
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Terra umhverfisþjónusta hf og Vörður tryggingar hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 6.503.612

Heiti eignar: Þverholt 18B, Reykjavík
Fastanr.: 2011216
Gerðarþoli (-ar): Gufufoss ehf
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Vörður tryggingar hf og Terra umhverfisþjónusta hf
Fjárhæðir krafna í kr.: 6.583.171

Kópavogi, 9. mars 2026
Einar Jónsson sviðsstjóri
20260309019A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Skiptalok - Niceland productions ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness þann 15. maí 2025 var Niceland productions ehf., kt. 600409-0260, tekið til skipta á grundvelli 1. mgr. 121. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem félagið hafi ekki skilað ársreikningum skv. 109. gr. sömu laga.

Með vísan til 1. mgr. 162. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. tilkynnist því hér með að engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, samtals að fjárhæð 2.839.930 krónur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 18. febrúar 2026
Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður
20260309007A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Skiptalok - Tæknifræðistofa Halldórs ehf.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness þann 15. maí 2025 var Tæknifræðistofa Halldórs ehf., kt. 600721-0700, tekið til skipta á grundvelli 1. mgr. 121. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem félagið hafi ekki skilað ársreikningum skv. 109. gr. sömu laga.

Farið var með skiptin á grundvelli laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. sbr. 1. mgr. 121. gr. laga nr. 3/2006. Með vísan til 3. mgr. 62. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. var farið með skiptin skv. ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti.

Með vísan til 1. mgr. 162. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. tilkynnist því hér með að engar eignir fundust í búinu og var skiptum á því lokið í dag samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, samtals að fjárhæð 1.654.626 krónur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Reykjavík, 25. febrúar 2026
Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður
20260309008A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Skiptalok - TN24 ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum þann 20. nóvember 2024 var bú ofangreinds aðila tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Með vísan til 1. mgr. 162. greinar laga nr. 21/1991 tilkynnist yður hér með að skiptum var lokið þann 5. mars 2026 með framlagningu úthlutnargerðar í búinu en lýstar kröfur námu samtals kr. 75.316.984, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskiptanna. Samtals greiddust kr. 1.505.959 upp í almennar kröfur eða 2%.

Nafn bús: TN24 ehf.
kt. 430708-1470.

Lýstar kröfur:
kr. 75.316.984

Reykjavík, 5. mars 2026
Smári Hilmarsson lögmaður
20260309009A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Skiptalok - Breki ehf eignarhaldsfélag

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. október 2011 var bú Breka ehf. eignarhaldsfélags, kt. 460405-1140 tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri.

Skiptum á búinu lauk þann 20. desember 2011 með vísan til 155. gr. gjaldþrotalaga án þess að nokkuð greiddist upp í lýstar kröfur sem samtals námu kr. 356.377.838 auk vaxta og kostnaðar eftir upphafs dags skipta.

Reykjavík, 4. mars 2026
Jóhannes Ásgeirsson lögmaður.
20260309011A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Skiptalok - V Níu Fasteignir ehf.

Bú V Níu Fasteigna ehf., kt. 620916-1100, var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 13. febrúar 2025. Sama dag var Gunnar Atli Gunnarsson lögmaður skipaður skiptastjóri búsins.

Samtals námu lýstar kröfur í búið 70.848.921 kr. auk dráttarvaxta frá úrskurðardegi um gjaldþrotaskipti til greiðsludags. Allar kröfur voru greiddar að fullu með fullum dráttarvöxtum til greiðsludags 25. febrúar 2026, samtals 81.030.266 krónur, þ.m.t. skiptatrygging sem var endurgreidd. Samandregið greiddust þannig 100% af kröfum í búið.

Skiptum þrotabúsins var lokið 27. febrúar 2026 með vísan til 2. mgr. 154. gr. laga nr. 21/1991.

Reykjavík, 2. mars 2026
Gunnar Atli Gunnarsson lögmaður
20260309017A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Skiptafundur - Svampar ehf.

Skiptafundur í þrotabúi Svampa ehf, kt. 541223-0370, Kambsmýri 10, Akureyri, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Bæjarlind 4, Kópavogi þann 23. mars 2026, kl. 10.00. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Bæjarlind 4, 201 Kópavogi, 6. mars 2026
f.h. Telmu Sifjar Reynisdóttur skiptastjóra
Helena Ósk Einarsdóttir
20260309002A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Auglýsing um skipulag - Dalvíkurbyggð

Sandvík, Hauganesi – afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti þann 20. janúar 2026 að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felur í sér að afmarkað er nýtt svæði fyrir frístundabyggð í landi Selár og nýtt verslunar- og þjónustusvæði á Hauganesi. Þá eru þéttbýlismörk Hauganess útvíkuð til samræmis við mörk frístundabyggðar.

Samhliða er auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði við Hauganes, skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæðis þar sem m.a. gert er ráð fyrir 40 herbergja hóteli og frístundabyggð auk uppbyggingar á útivistar- og baðaðstöðu á svæðinu.

Skipulagsgögn má nálgast í Ráðhúsi Dalvíkur, á heimasíðu Dalvíkurbyggðar og á skipulagsgátt (*skipulagsgatt.is*, mál nr. 381/2025 og 383/2025) **frá 9. mars til 26. apríl 2026.**

Athugasemdum þar sem nafn, heimilisfang og kennitala sendanda kemur fram má skila á netfangið *dalvikurbyggd@dalvikurbyggd.is*, bréfleiðis til *Framkvæmdasviðs, Ráðhúsi, 620 Dalvík* eða í gegnum Skipulagsgátt **til og með 26. apríl 2026.**

Dalvík, 5. mars 2026
Skipulagsfulltrúi
20260309001A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Stefna ógildingarmál

Þingfestingardagur í Héraðsdómi Reykjavíkur.
Þriðjudaginn 12. maí 2026.

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur Jóhannes Rúnar Jóhannsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Sigurbjörn Þorbergsson hrl. að hann þurfi fyrir hönd Menntasjóðs námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á skuldabréfi vegna námsláns.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þá kröfu að ógilt verði með dómi skuldabréf vegna námsláns nr. G-272821, útgefið af Sunnevu Jasmín Bernharðsdóttur, kt. 230785-2879, til stefnanda, upphaflega að fjárhæð kr. 5.613.884, verðtryggt miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 421,0.

Málavextir og málsástæður: Stefnandi kveður ofangreint skuldabréf nr. G-272821 vegna námsláns vera gefið út af Sunnevu Jasmín Bernharðsdóttur, kt. 230785-2879, upphaflega að fjárhæð kr. 5.613.884, vegna námslána sem stefnandi veitti henni. Grunnvísitala skuldabréfsins er 421,0.

Sunneva Jasmín sótti um námslán hjá stefnanda vegna náms. Skilyrði fyrir veitingu námsláns er að námsmaður undirriti skuldabréf við lántöku, sbr. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992. Í samræmi við það gaf Sunneva Jasmín Bernharðsdóttir út skuldabréf þann 27.09.2013. Með undirritun sinni veitti Sunneva Jasmín jafnframt stefnanda heimild til að færa inn á skuldabréfið fjárhæð heildarskuldarinnar miðaða við þágildandi vísitölu neysluverðs. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011 skal ekki tilfærð upphæð á skuldabréfið fyrr en að loknu námi.

Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs. Verðtryggingin reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lán er veitt eða einstakir hlutar þess greiddir út, til fyrsta dags þess mánaðar er greiðsla fer fram, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Vextir af lánum stefnanda eru breytilegir en þó aldrei hærrí en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Vextir eru nú 1% ársvextir sem leggjast á verðtryggðan höfuðstól, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

Sunneva Jasmín fékk úthlutað námslánnum eftir útgáfu skuldabréfs nr. 272821 þann 30.09.2013, 27.01.2014, 06.06.2014 og 26.06.2014, eða svofellt:

Lánsúthlutun	Vísitala
142.283	421,3
558.061	421,3
2.777.884	418,9
2.085.933	413,8

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 ákvarðar stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögnum og úrskurðar um vafatilfelli. Samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og miðað er við lok síðasta aðstoðartímabils.

Námslok eru skráð hjá Sunnevu Jasmín þann 29.06.2014. Við námslok var heildarskuld veittra námslána færð inn á skuldabréf nr. G-272821, uppreiknuð m.v. vísitölu á námslokadegi eða grunnvísitölu 421,0, eða samtals að fjárhæð kr. 5.613.884, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 21/1992 eru tveir gjalddagar af námslánum á ári. Annars vegar föst greiðsla á fyrri hluta árs og hins vegar tekjutengd greiðsla á síðari hluta árs. Sunneva Jasmín gaf út þrjú skuldabréf til stefnanda vegna veittra námslána, eða G-061975, G-112918 og G-272821 og voru veitt námslán að baki elsta skuldabréfinu innheimt fyrst. Hóf Sunneva Jasmín endurgreiðslu á námslánum allt þar til vanskil urðu á endurgreiðslum og námslánaskuldir skv. skuldabréfunum felldar í gjalddaga.

Þegar kom að lögfræðinnheimtu á skuldabréfi nr. G-272821 kom í ljós að frumrit skuldabréfsins finnst ekki. Þar sem ekki er mögulegt að neyta þeirra réttinda sem skuldabréfið ber með sér kveður stefnandi nauðsynlegt að fá bréfið ógilt með dómi svo hægt sé að nýta þau réttindi sem skuldabréfinu fylgja.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til XVIII. kafla laga nr. 21/1991 um meðferð einkamála, einkum 120. gr. og 121. gr. Um varnarþing er vísað til 2. mgr. 120. gr. sömu laga. Um stefnufrest er vísað til 3. mgr. 91. gr. og c-liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl:

- Stefnu þessa.
- Skrá yfir framlögð skjöl.
- Yfirlit yfir úthlutun námslána vegna skuldabréfs nr. G-272821.
- Yfirlit yfir skuldabréf nr. G-272821, höfuðstóll og grunnvísitala.
- Yfirlit yfir námslok.
- Yfirlit gjalddaga.
- Útrentun birtingar stefnu úr vefriti Lögbirtingablaðs.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa framangreint skuldabréf nr. G-272821 undir höndum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 12. maí 2026, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til skuldabréfsins. Að öðrum kosti má búast við því að útvistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 20. febrúar 2026
f.h. Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar dómstjóri
Sigurbjörg Birta Berndsen aðstoðarmaður dómara
20260309013A

Útgáfud.: 9. mars 2026

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur
Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Dómhúsið við Lækjartorg 9, Reykjavík

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Svavar Daðason, lögmaður hjá Deloitte Legal ehf., kt. 660821-0660, Dalvegi 30, Kópavogi, að hann þurfi fyrir hönd, Rúko hf. kt. 701006-2590, Lambhagavegi 6, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi útgefnu af félaginu.

I. Fyrirsvar

Fyrirsvarismaður stefnanda er Adrian Ruether stjórnarformaður, kt. 200671-2876, lögheimili erlendis.

II. Dómkröfur

Stefnandi gerir þær kröfur að ógilt verði með dómi óverðtryggt veðskuldabréf sem útgefið var af Rúko hf. (áður Hýsi Merkúr hf.), kt. 701006-2590, til handa Þresti Lýðssyni, kt. 201255-3339 og Klöru Sigurðardóttur, kt. 170555-5629, þann 17. mars 2020 í Reykjavík. Skuldabréfið er tryggt á 2. veðrétti (upphaflega 3. veðrétti) með uppfærslurétt í fasteign sem nú er í eigu stefnanda að Lambhagavegi 6, Reykjavík, fastanr. F232-8286. Bréfið var innfært í þinglýsingabækur þann 30. mars 2020 og fékk númerið 441-A-004042/2020.

III. Málavextir og málsástæður

Stefnandi kveðst eigandi frumrits framangreinds veðskuldabréfs enda sé skuldin samkvæmt veðskuldabréfinu að fullu greidd en upphaflegur kröfuhafi hafi fyrir mistök fargað frumriti veðskuldabréfsins við uppgreiðslu þess og því sé það nú glatað. Af þeim sökum fæst skuldabréfið ekki aflýst og veðið afmáð úr þinglýsingabók sýslumanns.

IV. Lagatílvísanir:

Stefnandi kveðst styðjast við 1. mgr. 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og c-lið 1. mgr. 89. gr. sömu laga.

V. Skjöl og sönnunargögn

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirfarandi skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa;
2. Afrit af frumriti veðskuldabréfsins, dags. 17. mars 2020;
3. Afrit af veðbókarvottorði fasteignarinnar að Lambhagavegi 6, Reykjavík, F2328286, dags. 6. febrúar 2026;
4. Kvittanir fyrir greiðslum skuldarinnar;
5. Staðfesting þinglýsts rétthafa um aflýsingu skjals, dags. 27. janúar 2026;
6. Afrit auglýsingar úr Lögbirtingablaði.

VI. Fyrirkall

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal 102 í Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 30. apríl 2026, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins og mótmæla framangreindri kröfu. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu í samræmi við kröfu stefnanda.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Reykjavík, 4. mars 2026
Jóhannes R. Jóhannsson dómstjóri
20260309018A

Lögbirtingablað,

40. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

Kristín Þórðardóttir

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.